AUGLÝSING

um viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og Íslands.

Viðbótarbókun við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands frá 22. júlí 1972 vegna aðildar lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu, sem gerð var í Lúxemborg 14. október 2003, öðlaðist gildi 1. maí 2004, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 2/1973 þar sem samningurinn er birtur.

Viðbótarbókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytinu, 4. maí 2004.

Halldór Ásgrímsson.

Gunnar Snorri Gunnarsson.

Fylgiskjal.

VIÐBÓTARBÓKUN
við samninginn milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands vegna aðildar lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu.

EVRÓPUBANDALAGIÐ

og

LÝÐVELDIÐ ÍSLAND,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum milli Efnahagsbandalags Evrópu og lýðveldisins Íslands, sem undirritaður var í Brussel 22. júlí 1972 og er hér á eftir nefndur „samningurinn“, og gildandi reglum um verslun með fisk og sjávarafurðir milli Íslands og bandalagsins,

MEÐ HLIÐSJÓN af aðild lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

ADDITIONAL PROTOCOL
to the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland Consequent on the Accession of the Czech Republic, the Republic of Estonia, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Republic of Hungary, the Republic of Malta, the Republic of Poland, the Republic of Slovenia and the Slovak Republic to the European Union

THE EUROPEAN COMMUNITY

and

THE REPUBLIC OF ICELAND

HAVING REGARD to the Agreement between the European Economic Community and the Republic of Iceland signed in Brussels on 22 July 1972, hereinafter called the "Agreement", and to the existing arrangements for trade in fish and fishery products between Iceland and the Community,

HAVING Regard to the accession of the Czech Republic, the Republic of Estonia, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Republic of Hungary, the Republic of Malta, the Republic of Poland, the Republic of Slovenia and the Slovak Republic to the European Union,

MEÐ HLIÐSJÓN af samningnum um þátttöku lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, hér á eftir nefndur „samningurinn um stækkun Evrópska efnahagssvæðisins“,

MEÐ HLIÐSJÓN af gildandi reglum um verslun með fisk og sjávarafurðir milli Íslands og inngönguríkjanna,

HAFA ÁKVEÐIÐ sameiginlega að gera breytingar á samningnum vegna aðildar lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

OG SVOHLJÓÐANDI BÓKUN:

1. gr.

Texti samningsins, viðaukanna og bókananna við hann, sem eru óaðskiljanlegur hluti hans, svo og lokagerðin og yfirlýsingarnar, sem fylgja hér með, skulu lögð fram á eistnesku, lettnesku, litháísku, maltnesku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, tékknesku og ungversku og teljast þeir textar jafngildir upprunalegu textunum. Sameiginlega nefndin skal samþykkja eistneska, lettneska, litháíska, maltneska, pólska, slóvakíska, slóvenska, tékkneska og ungverska textann.

2. gr.

Í bókun þessari og viðauka við hana er mælt fyrir um sérákvæði um innflutning til bandalagsins á tilteknum fisktegundum og sjávarafurðum frá Íslandi.

Árlegur, tollfrjáls kvóti, sem kveðið er á um í viðaukanum við þessa bókun, skal koma til framkvæmda á tímabilinu frá 1. maí 2004 til 30. apríl 2009. Kvótinn skal endurskoðaður við lok þess tímabils, að teknu tilliti til allra þeirra hagsmuna sem máli skipta.

3. gr.

Stofna skal SAT-númerið 0304 90 22 í hinni samþættu tollskrá ESB, TARIC, fyrir fryst síldarsamflök (fiðrildi) og skulu þau njóta sömu frí-

HAVING REGARD to the Agreement on the Participation of the Czech Republic, the Republic of Estonia, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Republic of Hungary, the Republic of Malta, the Republic of Poland, the Republic of Slovenia and the Slovak Republic in the European Economic Area, hereinafter referred to as the "EEA Enlargement Agreement",

HAVING REGARD to the existing regime for trade in fish and fishery products between Iceland and the Acceding Countries,

HAVE DECIDED to determine by common accord the adjustments to the Agreement consequent on the accession of the Czech Republic, the Republic of Estonia, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Republic of Hungary, the Republic of Malta, the Republic of Poland, the Republic of Slovenia and the Slovak Republic to the European Union,

AND TO CONCLUDE THIS PROTOCOL:

Article 1

The text of the Agreement, the Annexes and Protocols, which form an integral part thereof, the Final Act and the Declarations annexed thereto shall be drawn up in the Czech, Estonian, Hungarian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Polish, Slovak and Slovenian languages and those texts shall be authentic in the same way as the original texts. The Joint Committee shall approve the Czech, Estonian, Hungarian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Polish, Slovak and Slovenian texts.

Article 2

The special provisions applicable to imports into the Community of certain fish and fishery products originating in Iceland are laid down in this Protocol and the Annex hereto.

The annual duty free quotas provided for in the Annex to this Protocol shall be implemented for the period 1 May 2004 to 30 April 2009. The quota levels shall be reviewed by the end of that period taking into account all relevant interests.

Article 3

A TARIC subdivision of CN code 0304 90 22 shall be created for frozen flaps of herring (butterflies), to which shall be associated the same

inda og vörur sem falla undir SAT-númer 0304 20 75 þannig að fryst síldarsamflök hljóti sömu fríðindameðferð og fryst flök frá 1. maí 2004.

4. gr.

Samningsaðilar skulu fullgilda eða samþykkja bókun þessa í samræmi við reglur sínar um málsmeðferð. Skjöl um fullgildingu eða samþykki skulu afhent aðalskrifstofu ráðs Evrópusambandsins til vörslu.

Bókun þessi öðlast gildi sama dag og sáttmálinn um aðild lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu frá 16. apríl 2003, að því tilskildu að skjöl um fullgildingu eða samþykki eftirtalinna samninga hafi einnig verið afhent til vörslu:

a) samningur um þátttöku lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu,

b) samningur milli konungsríkisins Noregs og Evrópubandalagsins um norskt fjármagnskerfi fyrir tímabilið 2004–2009,

c) viðbótarbókun við samning Efnahagsbandalags Evrópu og konungsríkisins Noregs vegna aðildar lýðveldisins Tékklands, lýðveldisins Eistlands, lýðveldisins Kýpur, lýðveldisins Lettlands, lýðveldisins Litháens, lýðveldisins Ungverjalands, lýðveldisins Möltu, lýðveldisins Póllands, lýðveldisins Slóveníu og lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu,

d) samningur í formi bréfaskipta milli Evrópubandalagsins og konungsríkisins Noregs um tilteknar landbúnaðarafurðir.

5. gr.

Bókun þessi er gerð í tvíriti á dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hol-

preferential tariff measure as that provided for products of CN code 0304 20 75, in order to give frozen flaps of herring the same preferential treatment as frozen fillets from 1 May 2004.

Article 4

This Protocol shall be ratified or approved by the Contracting Parties in accordance with their own procedures. The instruments of ratification or approval shall be deposited with the General Secretariat of the Council of the European Union.

It shall enter into force on the same day as the Treaty concerning the accession of the Czech Republic, the Republic of Estonia, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Republic of Hungary, the Republic of Malta, the Republic of Poland, the Republic of Slovenia and the Slovak Republic to the European Union of 16 April 2003, provided that the instruments of ratification or approval of the following related agreements and protocols have been deposited as well:

(a) Agreement on the Participation of the Czech Republic, the Republic of Estonia, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Republic of Hungary, the Republic of Malta, the Republic of Poland, the Republic of Slovenia and the Slovak Republic in the European Economic Area;

(b) Agreement between the Kingdom of Norway and the European Community on a Norwegian Financial Mechanism for the period 2004-2009;

(c) Additional Protocol to the Agreement between the European Economic Community and the Kingdom of Norway consequent on the accession of the Czech Republic, the Republic of Estonia, the Republic of Cyprus, the Republic of Latvia, the Republic of Lithuania, the Republic of Hungary, the Republic of Malta, the Republic of Poland, the Republic of Slovenia and the Slovak Republic to the European Union, and

(d) Agreement in the form of an Exchange of Letters between the European Community and the Kingdom of Norway concerning certain agricultural products.

Article 5

This Protocol is drawn up in duplicate, in the Czech, Danish, Dutch, English, Estonian,

lensku, íslensku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, slóvakísku, slóvensku, spænsku, sænsku, tékknesku, ungversku og þýsku og er hver þessara texta jafngildur.

Gjört í Lúxemborg hinn 14. október 2003.

Fyrir hönd lýðveldisins Íslands
Halldór Ásgrímsson

Fyrir hönd Evrópubandalagsins
Umberto Vattani

Finnish, French, German, Greek, Hungarian, Icelandic, Italian, Latvian, Lithuanian, Maltese, Polish, Portuguese, Slovak, Slovenian, Spanish and Swedish languages each of these texts being equally authentic.

Done at Luxembourg, 14 October 2003.

For the Republic of Iceland
Halldór Ásgrímsson

For the European Community
Umberto Vattani

VIÐAUKI

SÉRÁKVÆÐI SEM UM GETUR Í 2. GR. VIÐBÓTARBÓKUNARINNAR

Bandalagið skal heimila tollfrjálsan innflutning á afurðum sem eru upprunnar á Íslandi sem hér segir:

SAT-nr.	*Vörulýsing*	*Árlegur kvóti*
úr 0303 50 00	Fryst síld af tegundunum *Clupea harengus* og *Clupea pallasii*, þó ekki lifur og hrogn, til iðnaðarvinnslu[1]	950 tonn

1 Tollkvótinn skal ekki ná til afurða sem tilkynnt hefur verið að settar verði í frjálsa dreifingu á tímabilinu 15. febrúar til 15. júní.

ANNEX

SPECIAL PROVISIONS REFERRED TO IN ARTICLE 2 OF THE ADDITIONAL PROTOCOL

The Community shall open the following annual duty free quota for products originating in Iceland:

CN code	*Description of products*	*Annual quota volume*
ex 0303 50 00	Herrings of the species *Clupea harengus* and *Clupea pallasii*, frozen, excluding livers and roes, for industrial manufacture[1]	950 tonnes

1 The benefit of the tariff quota shall not be granted to goods declared for release for free circulation during the period 15 February to 15 June.